

BORGARRÁÐ 27. janúar 2022: Ítrekun á fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um fundargerðir samninganefndar Reykjavíkur við olíufélögin - MSS21120126

Enn á ný er ítrekuð beiðni frá borgarráðsfundi 9 desember sl. að allar fundargerðir samninganefndar Reykjavíkur við olíufélögin vegna lóðaafhendingar borgarinnar til olíufélaganna verði lagðar fyrir borgarráð. Í beiðninni frá 9 desember var óskað eftir að þær yrðu lagðar fyrir borgarráðsfund sem haldinn var 16. desember en þær hafa ekki enn borist. Þessi beiðni var ítrekuð á fundi borgarráðs 20. janúar sl. og er ítrekuð aftur nú. Kjörnir fulltrúar eiga skilyrðislaust að hafa aðgang að öllum gögnum sem varða ákvarðanatöku sem snúa að rekstri borgarinnar.